

19. OKTÓBER
2023

HARPA
ELDBORG

Eric Lu leikur Mozart

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Tvíkonsert 23´

Konsert 30´

Sinfónía 36´

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Eric Lu leikur Mozart

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 19. OKTÓBER KL 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Tomáš Hanus
hljómsveitarstjóri

Eric Lu
einleikari

Bohuslav Martinů

Tvíkonsert fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur
(1938)

Poco allegro

Largo

Allegro

Wolfgang Amadeus Mozart

Píanókonsert nr. 27, K595 (1791)

Allegro

Larghetto

Allegro

Hlé

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 8 (1889)

Allegro con brio

Adagio

Allegretto grazioso-Molto vivace

Allegro ma non troppo

For information in English about tonight 's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Tomáš Hanus

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Tomáš Hanus fæddist í Brno í Tékklandi og stundaði nám við Janáček-akademíuna þar í borg. Hann hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Þjóðaróperunnar í Wales frá árinu 2016. Meðal óperusýninga sem hann hefur stjórnað þar eru *Carmen* eftir Bizet, *Lævisi refurinn* og *Úr húsi dauðans* eftir Janáček, *Leðurblakan* eftir Johann Strauss, *Rósariddarinn* eftir Richard Strauss og *Khovanschina* eftir Músorgskíj. Þá hefur hann stjórnað fjölmörgum tónleikum við húsið, meðal annars í alþjóðlegu BBC söngkeppninni í Cardiff árið 2017.

Hanus hefur stjórnað sýningum við mörg af helstu óperuhúsum í Evrópu. Má þar nefna Dönsku þjóðaróperuna, Teatro Real í Madrid, Finnsku þjóðaróperuna, Parísaróperuna og Janáčekóperuna í Brno þar sem hann var um árabíl tónlistarstjóri. Þá hefur hann stjórnað við Þjóðarleikhúsið í Prag og óperuhús í Berlín, Dresden, Basel, Kaupmannahöfn, Osló, Lyon og Varsjá. Samband hans við Bæversku ríkissóperuna í München hefur verið einkar náið en þar hafa undir hans stjórn hljómað meðal annars óperurnar *Rusalka* eftir Dvořák, *Jenufa* og *Věc Makropulos* eftir Janáček en einnig óperan *Hans og Gréta* eftir Humperdinck. Meðal nýlegra óperusýninga undir hans stjórn eru *Stríð og friður* eftir Prokofiev við Konunglega óperuhúsið Covent Garden í London, síðasta ópera Tsjajkovskíj *Iolanta* við Parísaróperuna sem og *Rusalka*, *Hans og Gréta* og frumsýning á *Évgení Onegin* eftir Tsjajkovskíj við Ríkisóperuna í Vínnarborg.

Í tónleikasölum hefur Tomáš Hanus víða staðið á hljóm-sveitarstjórarpalli og stjórnað Sinfóníuhljómsveit Lundúna (LSO), SWR-sinfóníuhljómsveitinni í Baden-Baden, Tékknesku fílharmóníunni, Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC) og Hátíðarhljómsveitinni á Mostly Mozart Festival í New York svo nokkrar séu nefndar.



Eric Lu

EINLEIKARI

Kínversk-bandaríski píanóleikarinn Eric Lu vann til fyrstu verðlauna í hinni virtu Leeds-píanókeppni árið 2018, þá aðeins tvítugur. Árið eftir skrifaði hann undir samning við Warner Classics og hefur síðan þá unnið með nokkrum af þekktustu hljómsveitum veraldar og komið víða fram á einleikstónleikum.

Meðal hljómsveita sem Eric Lu hefur nýlega unnið með eða starfar með á næstunni eru sinfóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Chicago, Boston og Seattle, Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles, Oslóar fílharmónían, Fílharmóníuhljómsveitin í Luxemborg, Konunglega fílharmóníuhljómsveitin í Stokkhólmi, Þjóðarhljómsveitin í Lille, Finnsla útvarpshljómsveitin og Helsinki fílharmónían. Hann hefur unnið með mörgum þekktum hljómsveitarstjórum, þar á meðal Riccardo Muti, Marin Alsop, Duncan Ward, Vasily Petrenko, Edward Gardner, Sir Thomas Dausgaard og Martin Fröst.

Eric Lu hefur haldið einleikstónleika víða um heim, þar á meðal í Kölnar fílharmóníunni, Concertgebouw í Amsterdam, Queen Elisabeth Hall í London, Gewandhaus í Leipzig, Elbphilharmonie í Hamborg, Davies Hall í San Francisco, Listamiðstöðinni í Seoul, Fílharmóníunni í Varsjá og Sala São Paulo í Brasilíu. Á næsta ári mun hann koma fram í Wigmore Hall í London sjötta árið í röð.

Þriðji hljómdiskur Erics Lu hjá Warner Classics sem inniheldur sönötur Schuberts, D. 959 og 784 kom út í desember 2022 og fékk lofsamlega dóma. Sama gildir um fyrri disk hans með verkum eftir Chopin og Schumann.

Eric Lu fæddist í Massachusetts árið 1997. Hann vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann hlaut verðlaun í Alþjóðlegu Chopin keppninni í Varsjá árið 2015 og hefur síðan þá hlotið fleiri alþjóðlegar viðurkenningar.



Tónlistin á Íslandi

Tvíkonsert Martinús fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur hefur ekki áður heyrt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Síðast hljómaði verk eftir Martinú á tónleikum hljómsveitarinnar í febrúar 2021 en þá lék 1. óbóleikari hennar Julia Hantschel konsert fyrir óbó og hljómsveit eftir tékkneska meistaran.

Bohuslav Martinů

TVÍKONSERT FYRIR TVÆR STRENGJASVEITIR, PÍANÓ OG PÁKUR

Bohuslav Martinů (1890–1959) fæddist í bænum Polička í Bæheimi sem þá tilheyrði Austurrísk-Ungverska keisara-dæminu. Tónlistarhæfileikar drengsins komu snemma í ljós og hóf hann fiðlunám sex ára gamall. Tíu árum síðar hélt hann til til náms við Konservatoríð í Prag en reyndist vera vonlaus nemandi og var vikið úr skólanum. Þjó hann áfram í borginni og einbeitti sér að tónsmíðum og bóklestri. Frá 1920–23 var hann síðan með fasta stöðu í fiðludeild Tékknesku Fílharmóníuhljómsveitarinnar. Árið 1923 flutti Martinů til Parísar og nam tónsmíðar hjá Albert Roussel. 1940 flúði hann til Bandaríkjanna og kenndi um árabíl við Princeton háskólann og Berkshire tónlistarmiðstöðina í Tanglewood, Massachusetts.

Bohuslav Martinů var mjög afkastamikið tónskáld. Eftir hann liggja 6 sinfóníur, 15 óperur og 14 ballettar, fiðlukonsert, flautukonsert, píanókonsert og sellókonsert, 6 strengjakvartettar og fjöldinn allur af minni hljómsveitar-, kammer- og einsöngsverkum.

Um verkið segir hljómsveitarstjórinn Tomáš Hanus: „Tvíkonsertinn samdi Martinů í Sviss árið 1938. Stíll Martinús er undir áhrifum nýklassíkur og þeir sem þekkja tónlist hans búast við að heyra verk í þeim stíl. Hann var ekki vanur að skrifa atónal tónlist en í þessu verki forðaðist hann að nota sinn eigin stíl við að túlka myrkustu augnablik veraldarsögunnar sem hann upplifði á þessum tíma. Í samræmi við þunga aðstæðnanna varpar hann öllu farginu yfir á áheyrendur til að lýsa sársaukanum á næstum áþreifanlegan hátt. Í tónlistinni tekur Martinů sjálfur þátt í þjáningunni. Setur sjálfan sig í útrýmingarþúðir og á vígvöllinn. Skilaboðin með tónlistinni eru: þetta er þjáningin“.

Einleikarar í verkinu, píanóleikarinn Liam Kaplan og páku-leikarinn Soraya Nayyar, koma úr röðum hljómsveitarinnar.



Wolfgang Amadeus Mozart

PÍANÓKONSERT NR. 27, KV 595

Píanókonsert Mozarts (1756–1791) nr. 27 var ekki aðeins síðasti píanókonsert hans heldur einnig síðasta verkið sem hann flutti opinberlega. Í dagblaðinu *Wiener Zeitung* birtist eftirfarandi frétt í mars 1791: „Herra Bähr, kammermúsikant... hélt tónleika 4. mars í salarkynnum herra Jahns og hlaut mikið lof vandaðra áheyrenda fyrir einstaka færni á klarínettuna. Herra Kapellmeister Mozart lék konsert á píanóið og allir dáðust að list hans, tónverkinu sem og flutningnum, síðan fullkomnaði frú Lange kvöldið með nokkrum árum“.

Af 27 píanókonsertum sínum, samdi Mozart 14 þeirra, nr. 12 til 25 á fjórum árum, frá 1782 til 1786. Enginn konsert komst á blað árið 1787 en Mozart lauk við smíði D-dúr konsertsins nr. 26 í febrúar 1788. Bendir margt til þess að hann hafi byrjað að semja síðasta konsertinn í lok þess árs en lagt hann til hliðar um stund. Til fróðleiks er rétt að geta þess að um 1780 heyrðust píanókonsertar sjaldnar en til dæmis konsertar fyrir fiðlu, flautu, klarínettu eða horn, en áratug síðar var hljóðfærið komið í hóp þeirra vinsælustu í þessari grein. Framlagi Mozarts til píanókonsertsins má með réttu líkja við framlag Haydns til sinfóníunnar - hann lagði grunn að nýrri tónlistargrein til framtíðar.

Á síðustu æviárum sínum gerðist Mozart æ djarfari í tónsmíðum sínum og notaði ómstríða hljóma, krómatík og tóntegundaflakk í meira mæli en flestir samtímamenn. Til dæmis hefur 1. kafli síðasta píanókonserts hans fremur saklaust yfirbragð en í úrvinnslunni fer tónskáldið tuttugu sinnum á milli tóntegunda innan 49 takta. Hægi kaflinn er fögur og björt aría píanósins þar sem moll hljómar heyrast varla en eru fljótt látnir víkja þá sjaldan sem þeir birtast. Lokakaflinn er ungæðislegur og glæsilegur í alla staði.

Tónlistin á Íslandi

Síðasti píanókonsert Mozarts hefur aðeins tvisvar sinnum áður hljómað í meðförum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Fyrst í lok febrúar 1981 þegar franskur píanóleikarinn Anne Queffélec lék verkið með hljómsveitinni. Fyrst á efnisskrá tónleikanna var Pulcinella-svítan eftir Stravinskíj en eftir hlé flutti hljómsveitin í fyrsta sinn Dafnis og Klói, ballettónlistina í heild sinni með fulltingi Hamrahlíðakórins. Stjórnandi var Jean-Pierre Jacquillat. Þá flutti Edda Erlendsdóttir píanókonsert Mozarts á tónleikum hljómsveitarinnar í mars 1999 og stýrði Rico Saccani þá flutningnum. Báðir þessir tónleikar fóru fram í Háskólabíói.



Antonín Dvořák

SINFÓNÍA NR. 8

Það má segja að tékkneska tónskáldið Antonín Dvořák (1841-1904) hafi verið umfavinur tónlist frá blautu barnsbeini. Hann ólst upp í sveitum Bæheims, faðir hans var slátrari og veitingamaður en lék á víólu í tómsundum og sneri sér síðar á lífsleiðinni alfarið að hljóðfæraleik. Tveir frændur Antoníns voru atvinnutónlistarmenn og frá 6 ára aldri lærði hann á fiölu, píanó og orgel og 14 ára gamall samdi hann sitt fyrsta tónverk. Hann hóf feril sinn sem organisti og víóluleikari, meðal annars í hljómsveit Interimisleikhússins í Prag sem þá var óperuhús en varð síðar þjóðleikhús Tékklands. Þjóðernisvitund Tékkna var að vakna á þessum árum, en landið tilheyrði Austurrísk-Ungverska keisaradæminu, Habsborgaraveldinu svokallaða, og hér í þessu óperuhúsi fékk hún ríkulega næringu. Aðalhljómsveitarstjóri hússins var landi Dvořáks, Bedřich Smetana sem stjórnaði flestum sýningum en í dag er lítið á þessa tvo menn sem helstu þjóðartónskáld Tékklands. Að því kom að hann sagði starfi sínu lausu til að geta snúið sér alfarið að tónsmíðum og hagar hans vænkaðist þegar hann hlaut styrk til þeirra starfa frá austurríska ríkinu á árunum 1874-76. Svo vel vildi til að í dómnefnd áttu sæti tveir mektarmenn tónlistarlífs í Vínborg, Eduard Hanslick og Johannes Brahms, sem heillaðist svo af list unga mannsins að hann tryggði honum umsvifalaust samning við forleggjara sinn. Útgáfunar hittu beint í mark - *Dúettar frá Mæri* fyrir tvær sönguraddir og píanó og *Slavneskir dansar* op. 46 seldust eins og heitar lummur og ævilöng vinátta tókst með þeim Brahms og Dvořák.

Dvořák varð mjög vinsæll í gjörvallri Evrópu og þó sérstaklega í Englandi þangað sem hann fór oft og stjórnaði verkum sínum. Var hann sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við háskólana í Prag og í Cambridge á Englandi.

Á árunum 1892 - 1895 dvaldi hann ásamt konu sinni í Bandaríkjunum, en honum hafði boðist staða skólustjóra

Tónlistin á Íslandi

Áttunda símfónía Dvoráks hljómar nú í 22. sinn á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands. Það var tékkneski hljómsveitarstjórinn, tónskáldið og óbóleikarinn Václav Smetáček sem stýrði fyrsta flutningi hennar í Þjóðleikhúsinu 1957 en síðast heyrðist hún í Eldborgarsal Hörpu haustið 2016. Oftast hefur hljómsveitin leikið verkið í Háskólabíói en einnig sex sinnum úti á landsbyggðinni; 1996 og 1999 á Kirkjubæjarklaustri, Flúðum, Húsavík, Mývatnssveit og Akureyri undir stjórn Bernharðs Wilkinson en Petri Sakari stjórnaði flutningnum á Ísafirði haustið 1996. Þá hefur Símfóníuhljómsveit áhugamanna fjórum sinnum flutt 8. símfóníu Dvoráks, síðast í Seltjarnarneskirkju í febrúar 2017. Stjórnandi var Oliver Kentish.

National Conservatory of Music í New York. Hér hafði hann það verkefni að skapa þjóðlegan bandarískan hljóm handa hinni ungu þjóð og hóf hann að kynna sér tónlist hinna svörtu íbúa landsins og einnig frumbyggjanna, þ.e.a.s. indíánanna. Hvatti hann bandarísk tónskáld til að nýta þjóðararfinn og gefa söngvum indíána og fólks af afrískum uppruna nýtt líf í alvarlegum tónsmíðum, rétt eins og hann hafði sjálfur gert við tónlist heimalandsins. Á árum sínum í Bandaríkjunum samdi Dvorák tvö kunnustu verk sín, sellókonsert og símfóníu nr. 9, sem fékk undirheitið „Úr nýja heiminum“.

Verkalisti Dvořáks er langur. Eftir hann liggja níu símfóníur, fjöldamörg önnur hljómsveitarverk, forleikir, tónaljóð, tíu óperur, einleikskonsertar fyrir fiðlu, selló og píanó, fjórtán strengjakvartettar og önnur kammerverk, ýmiss konar söngverk fyrir einsöngvara og kóra og hartnær 30 einleiksverk fyrir píanó.

8. símfónían í G-dúr sem samin var á sveitasetri tónskáldsins í Bæheimi árið 1889, er ljóðræn og sækir margt af efnivið sínum í bæheimskan þjóðlagaarf. Hún hefst reyndar í g-moll þrátt fyrir titilinn, á eins konar sálmastefi sem leikið er á selló, klarínnettur, fagott og horn og á þetta stef eftir að heyrast nokkrum sinnum í þættinum. Aðalstefið í G-dúr sem minnir á fuglasöng er kynnt til sögunnar af flautunni og í gegnum allan þáttinn heyrum við þessi tvö stef á víxl í hinum ýmsu hljóðfærahópum ásamt nýjum stefjum.

Annar þátturinn er hægur Adagio kafli í c-moll. Stemningin er margræðin, hér skiptast á skin og skúrir, birta og myrkur.

Þriðji þátturinn hefst á þokkafullu fiðlustefi í g-moll, síðan kemur G-dúr tríó sem óbó og flautur bera uppi og síðar hljómar þetta stef í óbóum og fagottum áður en fiðlurnar taka undir. Allur kafllinn nema niðurlagið er í þrískiptum takti, eins konar vals.

Lokakafllinn er að megin uppistöðu stef með tilbrigðum, en fyrst hljómar lúðrakall frá trompetunum. Frægt er þegar tékkneski hljómsveitarstjórinn Rafael Kubelík sagði eitt sinn á æfingu þegar kom að síðasta kafla símfóníunnar: „Herrar mínir, í Bæheimi kalla trompetar aldrei til orrustu – þeir kalla ávallt upp í dans!“

Sigurður Ingvi Snorrason

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Laufeig Jensdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

Víóla

Rita Þorfiris
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason

Flauta

Astrid Bjelland
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Emilía Rán Benediktsdóttir

Horn

Lisa Cooper
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

9.11 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Bartók og Beethoven

Fiðlukonsert Béla Bartóks er eitt af stórvirkjum 20. aldarinnar fyrir hljóðfærið. Hann var saminn árið 1938, þegar tónskáldið var niðurbrotið yfir uppgangi fasismans í Ungverjalandi en verkið er þrungið sterkum tilfinningum og uppfyllt af vísunum í þjóðlagaarfinn sem Bartók hafði rannsakað á ferðum sínum um sveitir Ungverjalands. Þriðja sinfónía Ludwigs van Beethoven eða Hetjuhljómkviðan er eitt af tímamótaverkum tónlistarsögunnar. Með henni markaði Beethoven nýja og áður óþekkta braut í skrifum fyrir sinfóníuhljómsveit og gætir áhrifanna enn í dag. Í upphafi tónleikanna hljómar svo Inmost eftir Veronique Vöku í fyrsta sinn á tónleikapalli.

Leila Josefowicz er á meðal fremstu fiðluleikara heims og hefur markað sér sérstöðu með flutningi helstu tónverka 20. og 21. aldar. Josefowicz er staðarlistamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands starfsárið 2023–24 og kemur tvisvar fram með sveitinni, auk þess sem hún leikur einleikstónleika í föstudagsröðinni í janúar næstkomandi.

29.11 & 30.11 MIÐVIKUDAGUR OG FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



The King's Singers – Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Breski sextettinn The King's Singers er einn frægasti sönghópur heims og syngur allt frá miðaldasöngvum til dægurlaga með hrifandi framkomu og eftirminnilegum raddsetningum.

Óhætt er að segja að tónleikar þessa einstaka sönghóps með Sinfóníuhljómsveit Íslands séu langþráðir en þeir voru fyrirhugaðir fyrir heimsfaraldur og verða nú loks að veruleika. Efnisskrá tónleikanna er full af ómótstæðilegum jólalögum úr ólíkum áttum. Hljóma munu jafnt gamlir, hátíðlegir jólasöngvar sem og léttleikandi nýrri lög sem löngu eru orðin ómissandi um þetta leyti árs. Auk þess leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands hrifandi barokkperlur eftir Johann Sebastian Bach og Georg Friedrich Händel – þar á meðal kafla úr Vatnatónlist þess síðarnefnda.

Hópurinn hefur tvívegis sungið á Íslandi, fyrst á Listahátíð í Reykjavík 1989 og síðan í Hörpu og Skálholti 2015, en þetta er í fyrsta sinn sem hann kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Gerstein leikur Rakhmanínov

26. OKTÓBER

Kirill Gerstein, einn af píanósnillingum nútímans, tekst á við stórvirki píanóbókmenntanna í Eldborg – þriðja píanókonsert Rakhmanínovs. Hann leikur Rakhmanínov af ómældri andagift og dirfsku. Það er alltaf stórviðburður á Íslandi þegar Gerstein sækir okkur heim. Einnig hljómar svíta úr Rómeó og Júlíu eftir Prokofiev ásamt verki Jennifer Higdon, blue cathedral.

Hljómsveitarstjóri er Stéphane Denève.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS